

# Aðalfundur Félags rannsóknastjóra á Íslandi

Háskólanum í Reykjavík 20. apríl 2016 kl. 16.00 – 18.00

## Fundargerð

Mættir voru 9 félagsmenn, einn hafði ekki atkvæðarétt

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Kristján Kristjánsson var kosinn fundarstjóri

Oddný S. Gunnarsdóttir var kosin ritari fundarins.

### 2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Ásta Sif Erlingsdóttir, formaður stjórnar, kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni stjórnar á milli aðalfunda.

iNORMS, Ásta Sif tók þátt í vinnuhóp sem greindi óskir rannsóknastjóra. Helstu óskir þeirra voru að fá reynda rannsóknastjóra til að deila reynslu sinni, vefnámskeið, styrkir og heimsóknir / mannaskipti milli stofnana

EARMA nokkrir félagar fóru á árlega ráðstefnu félagsins í Leiden, en félögum gefst einnig kostur að sækja ýmis námskeið, ráðstefnur á vegum systursamtaka í Evrópu.

COST- verkefnið, hefur skilað miklu fyrir félagsmenn bæði í námskeiðum og samstarfi. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík tóku sig saman undir nafni félagsins og tóku á móti fjórum rannsóknastjórum vorið 2015. Var mikil ánægja með heimsóknina. Auk þess hafa félagsmenn tekið þátt í verkefnum, vinnuhópum og fundum og aflað þannig ýmissa upplýsinga og mikilsverðra sambanda við rannsóknastjóra í Evrópu. Ásta bendir jafnframt á að félagsmenn geta sótt um styrki til Erasmus og í til COST verkefnisins til að fjármagna ferðir á námskeið/ heimsóknir.

Fundarmenn telja að æskilegt væri að félagsmenn segðu frá ferðum sínum til systrafélaga og með þeim hætti væri unnt að koma mikilvægum upplýsingum áfram. Mætti hafa þetta í fréttiformi og birta á heimasíðu félagsins.

### Rannsóknagagnagrunnur á Íslandi

Í framhaldi af samþykkt aðalfundar 2015 var samin ályktun og áskorun frá félaginu til mennta- og menningarmálaráðherra um nauðsyn þess að kom upp rannsóknagagnagrunni á Íslandi ekki síðar en haustið 2015. Ályktunin var send í ráðuneytið strax eftir fundinn og síðan þá hefur vinnuhópur á vegum ráðuneytisins unnið að því að gera útboðslýsingu fyrir gagnagrunn – síðustu fréttir herma að hún verði send út fyrir sumarleyfi þannig að gagnagrunnur ætti að geta orðið að veruleika næsta haust.

### 3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Kristján Kristjánsson, gjaldkeri félagsins, lagði fram reikninga félagsins og skýrði tekjur þess og gjöld. Reikningar félagsins voru einróma samþykktir.

**3a.** Kosning eftirlitsmanns: Björgvin Ægir Richardsson var endurkjörinn eftirlitsmaður félagsins með öllum greiddum atkvæðum.

#### **4. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar gerðar

#### **5. Ákvörðun félagsgjalds**

Óbreytt félagsgjöld verða fyrir árið 2017 eða 10.000 kr. Félagsgjöld verða áfram innheimt með reikningi á nafni einstaklinga og stofnunar.

#### **6. Kosning stjórnar**

Aðalmenn í sitjandi stjórn voru endurkjörnir en þau eru. Ásta Sif Erlingsdóttir, Kristján Kristjánsson og Oddný S. Gunnardóttir. Varamenn voru kjörnir Anna Kristín Daníelsdóttir og Elísabet M. Andrésdóttir.

#### **7. Önnur mál**

Fyrirhugað námskeið og fyrirlestrar:

Ákveðið að reyna að hald áfram með áform um vinnustofu á Bifröst um How to participate in H2020 from an SSH point of view. Mun Kári Joansen hafa milligöngu um málið.

Í maí mun Inga Dóra Sigfúsdóttir prófessor sem hefur aflað stórra styrkja, kynna fyrir rannsóknastjórum hvernig þjónustu hún hefði helst kosið að væri til staða. Fyrirhugað er að þessi kynning yrði á hádegisfundi.

Í haust er fyrirhugað að fá Hjördísi Hendriksdóttur til að halda námskeið um styrki EFTA, en hún hefur mikla reynslu og þekkingu á styrkjum þaðan.

Þorsteinn Björnsson hefur starfað lengi innan EFTA og fyrirhugað er að fá hann til að kynna fyrir fyrir félagsmenn um það hvernig best sé að bregðast við ýmsum óvæntum uppkomum í samstarfi landa.

Fleira ekki gert – léttar veitingar í boði í lok fundar.

.